

Ed. 561. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. apríl.)

1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „eigi skemmri tíma en fimm mánuði“ í 2. málsg. komi: eigi skemmri tíma en fjóra mánuði.
2. 3. málsg. orðist svo:

Frá 1. maí til 30. september 1972 greiði áhafnadeildin einnig hluta af fæðis-
kostnaði vegna opinna vélbáta með 85 kr. á hvern úthaldsdag og áhafnarmann.
Skilyrði fyrir þeim greiðslum eru: Bátarnir séu skráðir (nafn og umdæmis-
númer), þeim sé haldið út til fiskveiða, annarra en grásleppuveiða, minnst 3
mánuði á ári, og að öðru leyti fullnægi eigendur þeirra sömu skilyrðum og
tilgreind eru í næstu mgr. hér á undan, að því er varðar þilfarsbáta, sem hafa
ekki lögskráningarskyldu. Enn fremur skal sýna vottorð Siglingamálastofn-
unarinnar um, að fullnægt sé kröfum hennar um öryggisbúnað samkvæmt
nánari reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.